

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

**Stjórnarfundur 1/2007 í fundarherbergi Tæknigarðs 26. jan. 2007,
kl. 12:00-13:00**

Dagskrá:

1. Rannsóknarleyfi
2. Stofnanasamningur við FÍN
3. Víðimelur 34
4. Tímasetning næsta fundar
5. Önnur mál

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

**Stjórnarfundur 2/2007 í fundarherbergi Raunvísindastofnunar miðvikudaginn
31. janúar kl. 15.00 - 17.00.**

Dagskrá:

1. Fjárlagatillögur 2008
2. Skipting fjárveitingar 2007

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Fundargerð stjórnarfundar 3/2007

Fundartími: Miðvikudagur 7. mars 2007, kl. 14.00-16.00
Fundarstaður: Fundaherbergi RH Dunhaga 3
Fundinn sátu: Bryndís Brandsdóttir, formaður
Hafliði Pétur Gíslason, varaformaður
Stefán Arnórsson, formaður stjórnar JH
Hermann Þórisson, formaður stjórnar EH
Alda Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna
Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri
Ólafur Guðmundsson, forstöðumaður Jarðvísindastofnunar

Dagskrá:

1. Skipting fjárveitingar RH fyrir 2007
2. Bráðabirgðauppgjör 2006
3. Árbók
4. Vísindagarðar
5. Rannsóknasamningur HÍ
6. Önnur mál

1. Skipting fjárveitingar RH fyrir 2007. Heildarfjárveiting Raunvísindastofnunar Háskólans á fjárlögum er 334,1 milljón kr. Í skýringum með frumvarpinu komu fram eftirfarandi upplýsingar um skiptingu fjárveitinga innan Raunvísindastofnunar.

“Rekstrarframlag hækkar um 20 m.kr. til að bæta stofnuninni lækkandi tekjur frá Norrænu ráðherranefndinni vegna Norræna eldfjallasetursins sem rekið er innan Jarðfræðistofnunar Raunvísindastofnunar. Samkomulag er um að færa ábyrgð á rekstri samnorrænna vísindastofnana til þeirra landa sem þær eru staðsettar í. Hlutdeild nefndarinnar í fjármögnun þessara stofnana lækkar í þrepum úr tæpum 7 milljónum danskra króna vegna eldfjallasetursins árið 2006 í tæpar 4,7 milljónir danskra króna árið 2007. Þá hækkar framlag um 21,7 m.kr. vegna samkomulags um að flytja fjárhagslega ábyrgð á greiðslum í Vinnumatssjóðs Félags háskólakennara og Sáttmálasjóðs Háskóla Íslands frá háskólanum yfir á einstakar stofnanir hans. Fjárhæðin er millifærð að jöfnu af *201 Háskóla Íslands* og af *299-1.91 Háskólum, óskipt*. Að lokum er lagt til að áætlun um útgjöld sem fjármögnuð eru með sértekjum sem stofnun aflar verði hækkuð um 120 m.kr. og að sértekjur hækki um sömu fjárhæð. Samanburður við ríkisreikning 2005 sýnir að sértekjur voru verulega vanáætlaðar í fjárlögum þess árs og er gert ráð fyrir að þær séu einnig vanáætlaðar á yfirstandandi ári, einkum tekjur Norræna eldfjallasetursins.”

Stjórnin lítur svo á að Háskóla Íslands, sem samningsaðili við Norrænu ráðherranefndina og menntamálaráðuneytið, eigi að taka á sig þær breytingar sem verða á fjárveitingum til Norræna eldfjallasetursins.

Samþykkt einróma að skipta fjárveitingu, að frátaldri 41,7 milljónum, til skrifstofu og reksturs fasteigna, EH, og JH, í sömu hlutföllum og áður.

2. Bráðabirgðauppgjör 2006. Framkvæmastjóri kynnti stjórn stöðu fjárhagsuppgjors frá

yfirstandandi ári. Heildarvelta stofnunarinnar nemur 777 milljónum kr., sem er 17,9% hækkun frá árinu 2005. Sértekjur stofnunarinnar hækkuðu um 32 %, úr 371 í 492 millj. kr. Að frádregnu framlagi Norrænu ráðherranefndarinnar hækkuðu sértekjur stofnunarinnar um 39,5%, úr 283 í 395 milljónir kr. Töluvert vantar á fjárveitingar til rekstrar fasteigna stofnunarinnar. Formanni og varaformanni stjórnar RH ásamt framkvæmdastjóra var falið að skoða rekstur húsnæðis í eigu stofnunarinnar.

3. Árbók. Afhent voru afrit af þeim upplýsingum sem borist hafa til árbókar Háskóla Íslands fyrir árið 2006.

4. Vísindagarðar. Varaformaður skýrði frá því að skipuð hafi verið nefnd skorarformanna og stofustjóra þeirra starfseininga raunvísindadeildar sem hafi hug á að flytjast í Vísindagarða. Stjórnin telur að samráð og samskipti við stofnunina varðandi Vísindagarða gætu verið markvissari.

5. Rannsóknasamningur HÍ. Umræðum um aðkomu stofnana RH að rannsóknasamningnum frestað til næsta fundar.

6. Önnur mál.

Umræður um endurskoðun reglna um sameiginlegan sjóð RH.
Næsti fundur miðvikudaginn 28. mars kl. 14-16.

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Fundargerð stjórnarfundar 4/2007

Fundartími: Miðvikudagur 28. mars 2007, kl. 14.00-16.30
Fundarstaður: Fundarherbergi RH Dunhaga 3
Fundinn sátu: Bryndís Brandsdóttir, formaður
Hafliði Pétur Gíslason, varaformaður
Stefán Arnórsson, formaður stjórnar JH
Hermann Þórisson, formaður stjórnar EH
Alda Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna
Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fjármál
3. Ársskýrsla
4. Samningar um rannsóknarnám við RH
5. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar var borin upp og samþykkt. Framkvæmdastjóra var jafnframt falið að sjá til þess að fundargerðir stjórnar verði sendar starfsmönnum í tölvupósti.

2. Fjármál. Framkvæmastjóri lagði fram greiðsluyfirlit fyrir árið 2006. Rekstrarafkoma sameiginlegrar skrifstofu og rekstrar fasteigna er mjög slæm. Verður farið vandlega yfir orsakir þessa en ljóst er að í sumum tilfellum hefur rekstrarkostnaður aukist verulega. Stjórn RH mun endurskoða bókhalds-, stjórnunar og aðstöðugjöld til stofnunarinnar af sértekjum.

Úrbætur á húsnæðinu á Dunhaga 3 eru orðnar mjög aðkallandi og stefnir í óefni ef ekki verður ráðist í brýnustu verkefni fljótlega.

3. Ársskýrsla. Umræðum um þennan lið frestað til næsta fundar.

4. Samningur um rannsóknarnám við RH. Samkvæmt 14. gr. reglna RH ber stofnuninni að hafa hluta tekna sinna frá HÍ, skv. ákvörðun háskólaráðs. Einnig er stofnuninni ætlað framlag frá raunvísindadeild. Samkvæmt rannsóknasamningi HÍ við menntamálaráðuneytið eru 1.924,2 m.kr. á fjárlögum ársins 2007 ætlaðar til að mæta útgjöldum við rannsóknir og önnur verkefni innan skólans, m.a. til þess að efla samstarf við utanaðkomandi aðila. Stjórn RH mun ræða við rektor HÍ um aðild RH að samningnum.

5. Önnur mál.

Samþykkt að halda starfsmönnum boð síðasta vetrardag.

Næsti fundur boðaður miðvikudaginn 11. apríl kl. 14-16.

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Fundargerð stjórnarfundar 5/2007

Fundartími: Miðvikudagur 17. apríl 2007, kl. 14.15-16.30
Fundarstaður: Fundarherbergi RH Dunhaga 3
Fundinn sátu: Bryndís Brandsdóttir, formaður
Hafliði Pétur Gíslason, varaformaður
Stefán Arnórsson, formaður stjórnar JH
Hermann Þórisson, formaður stjórnar EH
Alda Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna
Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Aðkoma RH-EH-JH að nýjum rannsóknarsamningi HÍ við menntamálaráðuneyti
3. Ársskýrsla RH fyrir 2006
4. Rekstrar- og fjárhagsáætlun RH-EH-JH fyrir 2007 og 2008
5. Önnur mál

1. Fundargerð. Fundargerð síðasta fundar var borin upp og samþykkt.

2. Aðkoma RH-EH-JH að nýjum rannsóknarsamningi HÍ við menntamálaráðuneyti
Samkvæmt samningnum mun HÍ m.a. efla aðstöðu til rannsókna og kennslu á samningstímanum, auka aðgang að rafrænum tímaritum og gagnagrunnum, auka rannsóknavirkni og gæði rannsókna með áherslu á birtingar í virtustu tímaritunum á hverju fræðasviði, auka skipulegt samstarf við erlenda háskóla og háskóladeildir í fremstu röð í heiminum, efla með markvissum hætti samstarf um þróun og nýsköpun við fyrirtæki og rannsóknastofnanir utan skólans, styrkja tengsl við íslenskt atvinnulíf og stuðla að myndun sprotafyrirtækja á grundvelli rannsóknaniðurstæðna. Mikilvægt er að RH-EH-JH hafi kalli eftir viðræðum við forsvarsmenn HÍ um útfærslu þessa samnings varðandi eflingu aðstöðu til rannsókna á þeim sviðum sem stofnunin starfar á. Þar sem framhaldsnám í Raunvísindadeild fer að miklu leyti fram innan stofnana Raunvísindastofnunar er eðlilegt að hluti meðlags með hverjum nema renni til þeirra rannsóknæininga sem nemandi hefur rannsóknæðstöðu við. Skilgreina þarf raunkostnað á nemanda í doktorsnámi og meistaranámi í stað þess að tengja fjárveitingar fjölda nemenda. RH geri þjónustusamning við HÍ um rannsóknatengt nám.

3. Ársskýrsla. Stefnt verði að ársskýrsla verði tilbúin sem fyrst.

4. Rekstrar- og fjárhagsáætlun RH-EH-JH fyrir 2007 og 2008. Vinna þarf rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir Raunvísindastofnun og stofnanir hennar fyrir árin 2007 og 2008. Gera þarf m.a. úttekt á húsnæði og reikna út kostnað við meistaranema. Ræða þarf við HÍ um þjónustusamning um kennslu og aðstöðu, þetta var einnig rætt undir lið 2. Rætt var um að bjóða rektor á fund og ræða um slíkan samning og jafnframt kynna ársskýrslu stofnunarinnar

5. Önnur mál.

Umræður um væntanlegan fund með fulltrúum mmmrn til kynningar á fjárlagatillögum RH-EH-JH fyrir 2008.

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

**Stjórnarfundur 6/2007 í fundarherbergi Tæknigarðs fimmtudaginn 7. júní kl.
12.00 - 14.00.**

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Vinnumatssjóður/Sáttmálasjóður
3. Skólaskipting og rannsóknastofnanir
4. Fjármál
5. Önnur mál

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

**Stjórnarfundur 7/2007 í fundarherbergi Raunvísindastofnunar miðvikudaginn
3. október kl. 12.00 - 14.00.**

Dagskrá:

1. - Fjármál
2. - Rannsóknaleyfi (umsókareyðublað, reglur og umsóknafrestur)
3. - Þjónusta skrifstofu við stofnanir (EH og JH)
4. - Skipting Háskólans í fræðasvið
5. - Önnur mál

Vinnureglur varðandi rannsóknaleyfi sérfræðinga

Starfsmenn leggi fram umsókn á þar til gerðu eyðublaði fyrir 15. október ár hvert um rannsóknaleyfi á næsta ári á eftir. Þar skal koma fram hver tilgangur er með leyfinu, hvar unnið verði og hvenær.

Stjórnir Eðlis- efna og stærðfræðistofnunar og Jarðvísindastofnunar fjalla um umsóknir starfsmanna sinna og leggja fram rökstuddar tillögur til stjórnar RH með hliðsjón af því hvaða rannsóknaleyfi nýtast rannsóknastarfi best.

Stjórn Raunvísindastofnunar raðar umsóknum eftir áunnum réttindum samkvæmt heimildarákvæði kjarasamninga um rannsóknaleyfi í samræmi við 5. gr. reglna 605 frá 1. janúar 2007 um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands. Samanlögð stig vegna kennslu og rannsókna skulu að lágmarki nema 17 stigum á ári þegar um fullt starf er að ræða og þar af skulu a.m.k. 5 stig vera vegna rannsókna. Skilyrði er að rannsóknaskýrslum sé skilað árlega.

Að loknu rannsóknaleyfi ber starfsmanni að skila stjórninni ítarlegri skýrslu um árangur af störfum sínum meðan á leyfinu stóð.

Samþykkt á stjórnarfundum RH 3. október 2007.

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Fundargerð stjórnarfundar 8/2007

Fundartími: Föstudagur 16. nóvember 2007, kl. 14.00-16.30
Fundarstaður: Fundarherbergi RH Dunhaga 3
Fundinn sátu: Bryndís Brandsdóttir, formaður
Haflíði Pétur Gíslason, varaformaður
Stefán Arnórsson, formaður stjórnar JH
Hannes jónsson, formaður stjórnar EH
Alda Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna
Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1. Fjármál
2. Víðimelur 34
3. Gerð rannsóknasamnings við HÍ
4. Fjárhagsáætlun 2008 / fjárlagatillögur
5. Önnur mál

1. Fjármál. Umræður um helstu kostaðarliði sameiginlegrar þjónustu, viðhald húsnæðis, fasteignagjöld, símreikninga, rekstur málmverkstæðis og tölvukerfis. Rætt var um beiðnir og hvort ekki ætti að útbúa beiðnablokkir sem væru sérmerktar hverjum verkefnisstjóra. Verkefnisstjóri einn hefði heimild til að undirrita beiðnir fyrir sín verkefni eða sá sem hann veitti heimild til þess. Jafnframt væri undirrituð beiðni með reikningi jafngild samþykki verkefnisstjóra fyrir viðkomandi útgjöldum. Þetta eru atriði sem þarf að skoða betur. Huga þarf að bættu upplýsingaflæði varðandi styrki. Verkefnisstjórar þurfa að senda skrifstofu upplýsingar um styrki sem þeir afla. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar um er að ræða styrki sem koma frá öðrum en Rannsóknasjóði Vísinda og tækniráðs og Rannsóknasjóði HÍ.

2. Víðimelur 34. Íbúðin að Víðimel 34 er nú komin úr höndum Háskólans og í umsjá og rekstur stofnunarinnar. Fram kom sú hugmynd að athuga hvort betra væri að selja íbúðina og stofna styrktarsjóð í nafni Björns Jóhannessonar. Þetta þarf að skoða betur á árinu 2008.

3. Gerð rannsóknasamnings við HÍ. Rætt var um hlutverk Raunvísindastofnunar við hið nýja Raunvísinda- og Verkfræðisvið.

4. Fjárhagsáætlun 2008 / fjárlagatillögur. Fundarmenn voru minntir á að huga að fjárlagatillögum vegna fjárlagaársins 2009 einnig að gera yrði fjárhagsáætlun fyrir árið 2008.

5. Önnur mál.

Samþykkt að hið árlega jólasúkkulaði yrði 19. desember í Öskju.